

Vinsamlegast fyllið út rafrænt inn í formið á fullnægjandi hátt og afhendið útprentað og undirritað artrit í Brúarteymi

Útgáfa 2023-01

Trúnaðarmál

## BEIÐNI UM UM SAMÞÆTTINGU ÞJÓNUSTU

\*Almennt er óheimilt að miðla persónugreinanlegum upplýsingum á milli stofnana og fagaðila sem koma að málefnum barna.

Með útfyllingu á þessu eyðublaði er veitt heimild til þess að miðla slíkum upplýsingum. Sjá nánari skýringar hér að neðan.

Nafn barns:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:
<input type="checkbox"/> Barnið hefur tvo forsjáraðila <input type="checkbox"/> Barnið hefur einn forsjáraðila				
Forsjáraðili A:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:
Forsjáraðili B:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:
Tengiliður, málstjóri ef við á:			Netfang:	

### Um samþættingu þjónustu skv. V. kafla laga um samþættingu þjónustu nr. 86/2021

Öll börn og forsjáraðilar skulu hafa aðgang að þjónustu tengiliðar við samþættingu fyrsta stigs þjónustu.

Þegar fyrir liggur beiðni foreldra og/eða barns um að samþætting skuli hefjast getur tengiliður aflað upplýsinga um aðstæður barns frá þjónustuveitendum og þeim sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns. Markmið með upplýsingaöflun á þessu stigi er að tengiliður fái yfirsýn yfir mál barnsins og hafi þar með forsendur til að leiða samþættingu þjónustunnar.

Í samþættingu felst að tengiliður vinnur með upplýsingar um aðstæður barns og hefur eftir atvikum frekari samskipti við þjónustuveitendur og aðra. Ef samþættingu hefur verið komið á geta þjónustuveitendur og þeir sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns miðlað upplýsingum sín á milli í þágu samþættingar, þ.e. án þess að upplýsingarnar fari í gegnum tengilið, svo sem í gegnum sérþarfa- og hegðunarteymi, samræmingarteymi, samráð og brúarteymi viðkomandi skóla.

Ef fyrir liggur beiðni foreldra og/eða barns um samþættingu þjónustu og ástæða er til að ætla að barn þurfi fjölþætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi til lengri tíma skal sveitarfélag þar sem barn á lögheimili tilnefna málstjóra þjónustu í þágu farsældar barnsins. Málstjóri skal stofna stuðningsteymi þar sem sitja fulltrúar þjónustuveitenda sem veita barni þjónustu. Heimilt er að bjóða þeim sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns að taka sæti í stuðningsteymi ef þörf krefur.

Undirskrift forsjáraðila A:		Dagsetning:
<input type="checkbox"/>	Ég hef fengið fræðslu um samþættingu þjónustu og er kunnugt um hvað þessi beiðni felur í sér.	
<input type="checkbox"/>	Ég hef kynnt mér upplýsingar um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og er kunnugt um með hvaða hætti vinnsla þeirra fer fram um barn mitt samkvæmt beiðni þessari.	
Undirskrift forsjáraðila B:		Dagsetning:
<input type="checkbox"/>	Ég hef fengið fræðslu um samþættingu þjónustu og er kunnugt um hvað þessi beiðni felur í sér.	
<input type="checkbox"/>	Ég hef kynnt mér upplýsingar um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og er kunnugt um með hvaða hætti vinnsla þeirra fer fram um barn mitt samkvæmt beiðni þessari.	
Undirskrift barns ef við á:		Dagsetning:
<input type="checkbox"/>	Ég hef fengið fræðslu um samþættingu þjónustu og er kunnugt um hvað þessi beiðni felur í sér.	
<input type="checkbox"/>	Ég hef kynnt mér upplýsingar um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og er kunnugt um með hvaða hætti vinnsla þeirra fer fram um barn mitt samkvæmt beiðni þessari.	
<p><b>Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga</b></p> <p>Forsjáraðilar og/eða barn lýsa því yfir með undirskrift sinni að vinnsla upplýsinga um aðstæður barnsins er heimil hjá tengiliðum, málstjórum, þjónustuveitendum og þeim sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns við framkvæmd verkefna sinna.</p> <p>Með vinnslu persónuupplýsinga er m.a. átt við söfnun, skráningu, varðveislu, miðlun og samkeyrslu upplýsinga um aðstæður barns, þ.t.t. viðkvæmar persónuupplýsingar og upplýsingar um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi. Gæta ber að meðalhófi við vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli laga þessara og skal ekki vinna með persónuupplýsingar umfram það sem nauðsynlegt má telja í hverju einstöku tilviki í þágu tilgangsins.</p> <p>Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á lagaheimild, skv. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og er lagaheimild til vinnslunnar að finna í 23. gr. laga nr. 86/2021.</p> <p>Þjónustuveitendur og þeir sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafli stjórnsýslulaga um upplýsingar sem þeir hafa orðið áskynja um vegna verkefna samkvæmt þessum kafla og V. kafla.</p> <p>Einstaklingar sem óskað hafa eftir samþættri þjónustu geta hvenær sem er dregið beiðni sína til baka. Felur afturköllun þá í sér að sú þjónusta sem barnið nýtur verður ekki samþætt í framhaldinu. Erindi um afturköllun samþykkis skal berast til viðkomandi þjónustuveitenda eða þeirra sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barna. Þegar aðstæður barns breytast, t.d. það færir milli skólastiga eða flyst í annað sveitarfélag, ber fyrri tengilið að sjá til þess að nýr tengiliður fái nauðsynlegar upplýsingar um aðstæður barnsins.</p> <p>Ábyrgðaraðili vinnslunnar er fjölskyldu- og barnamálasvið og mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðarkaupstaðar. Frekari upplýsingar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna má finna á heimasíðu sveitarfélagsins, <a href="http://www.hafnarfjordur.is">www.hafnarfjordur.is</a>. Ásamt nánari upplýsingum um vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram hjá sveitarfélaginu í persónuverndarstefnu þess sem jafnframt er aðgengileg á <a href="http://www.hafnarfjordur.is">www.hafnarfjordur.is</a>.</p> <p>Sérstök athygli er vakin á því að ef þú ert ósátt/ur við meðferð Hafnarfjarðarkaupstaðar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar (<a href="mailto:personuvernd@hafnarfjordur.is">personuvernd@hafnarfjordur.is</a>) eða sent erindi til Persónuverndar.</p>		

Skýringar	
<b>Upplýsingar um aðstæður barns:</b>	Vinnsla upplýsinga um aðstæður barnsins er heimil hjá tengiliðum, málstjórum, þjónustuveitendum og þeim sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns við framkvæmd verkefna. Með vinnslu persónuupplýsinga er m.a. átt við söfnun, skráningu, varðveislu, miðlun og samkeyrslu upplýsinga um aðstæður barns, þ.t.t. viðkvæmar persónuupplýsingar og upplýsingar um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi. Gæta ber að meðalhófi við vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli laga þessara og skal ekki vinna með persónuupplýsingar umfram það sem nauðsynlegt má telja í hverju einstöku tilviki í þágu tilgangisins.
<b>Þjónustuveitandi:</b>	Sá sem veitir farsældarþjónustu á vegum ríkis eða sveitarfélag og/eða einkaaðili sem veitir samskonar þjónustu á grundvelli þjónustusamnings. Til þjónustuveitenda teljast t.d. leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, framhaldsskólar, heilsugæsla, sérhæfð heilbrigðisþjónusta, lögregla, félagsþjónusta og barnavernd.
<b>Almenn þjónusta:</b>	Allt skipulagt starf sem er á vegum annarra en þjónustuveitenda. Sjálfstætt starfandi sérfræðingar, íþrótta-, lista- og æskulýðsstarf, frjáls félaga- eða hagsmunasamtök.
<b>Tengiliður:</b>	Frá fæðingu og þar til barn hefur nám í leik- eða grunnskóla er tengiliður starfsmaður heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar í heilbrigðisumdæmi barns. Sama á við ef þörf er á samþættingu þjónustu á meðgöngu. Þegar barn er við nám í leik-, grunn- eða framhaldsskóla er tengiliður starfsmaður skólans þar sem barn er við nám. Hlutverk tengiliðar er að veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns. Tryggja aðgengi að frummati og styðja við samþættingu þjónustu allra þjónustuveitenda. Fylgja eftir beiðni foreldra/barns um samþættingu þjónustu á öðru og þriðja stigi.
<b>Málstjóri:</b>	Sá sem leiðir samþættingar þjónustu í þágu farsældar barns sem hefur þörf fyrir annars eða þriðja stigs þjónustu. Málstjóri hefur hagsmuni barns að leiðarljósi. Hlutverk málstjóra er að veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns. Aðstoða við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barns. Bera ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og að stýra stuðningsteymi. Fylgja því eftir að þjónusta sé veitt í samræmi við stuðningsáætlun. Veita þeim sem sitja í stuðningsteymi ráðgjöf og upplýsingar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns.
<b>Samþætt þjónusta:</b>	Skipulögð og samfelld þjónusta sem hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns og er veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns hverju sinni.

Leiðbeiningar um samþættingu þjónustu má finna hér: <https://www.bvs.is/farsaeld/eydublod-og-leidbeiningar/> eða með því að skanna QR kóðann:

